



# Ekki búið að selja öll listaverkin úr Bændahöllinni

- Verkin fara smám saman á uppboð
- Stórt vefnaðarverk gefið listasafni

„Við höfum ekki pláss á skrifstofunum til þess að þetta listaverk njóti sín. Okkur þykir betra að þjóðin fái að njóta frekar en örfáir gestir sem koma í Borgartún 25,“ segir Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands. Stjórn samtakanna ákvað að færa Listasafni Reykjavíkur vefnaðarverk Hildar Hákonardóttur, Árshringinn, að gjöf.

Eftir að starfsmenn Bændasamtakanna rýmdu skrifstofur samtakanna og aðrar vistaverur í Bændahöllinni þurftu samtökin að taka afstöðu til þess hvað ætti að gera við fjölda listaverka sem voru í þeirra eigu. Verkin eru mismunandi að gerð, allt frá eftirprentunum og ljósmyndum upp í málverk og stærri listaverk. Galleri Fold tók að sér að meta listaverkin og hafa mörg þeirra verið boðin upp á listaverkauppboðum Foldar. Þau hafa verið að koma eitt og eitt í sölu enda segir Gunnar að þeim hafi verið ráðlagt það, og enn eru því óseld verk í þeirra eigu. Þau verk sem talin voru verðmínnst voru seld beint, og fóru mikið saman í pakka til veitingastaða eða hótela sem vantaði skraut á vegg sína. Þá eru þarna verk sem ekki eru talin söluvara, eins og portrettmálverk af forystumönnum, en gætu haft gildi fyrir ættingja viðkomandi. Áhugi er á því að færa ættingjum þau.

Gunnar segir ekki liggja fyrir hvert söluverð er í heildina enda ekki búið að selja öll verkin en skýtur á að það sé eitthvað á aðra milljón. Tekur hann fram að búið hafi verið að selja verðmætustu listaverkin áður en hann kom til starfa í Bændahöllinni.

Bændasamtökin keyptu vefnaðarverk Hildar Hákonardóttur árið 1984 og hékk það uppi á



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

**Bændahöllin Listaverk og búnaður var fjarlægður fyrir afhendingu.**

Hótel Sögu. Það hefur lengi verið í geymslu en þó farið á nokkrar sýningar, meðal annars í Kaupmannahöfn 2018. Gunnar segir að svo virðist sem verkið hafi verið í reiðileysi í húsakynnum Bændasamtakanna eftir að það kom frá Kaupmannahöfn. Það hafi fundist á stað sem ekki var nógu góður til geymslu slíks verks og því hafi ekki sýnd verið sú virðing sem hæfði því.

Verkið er meðal stærstu verka listakonunnar og var upphaflega í tólf hlutum sem hver táknaði mánuðina í árinu og gróður jarðar árið um kring. Þegar til átti að taka fundust aðeins tíu hlutar. Gunnar segir að ekki sé vitað hvað varð um þessa tvo hluta en segir að ef einhver þekki til afdrifa þeirra væri gott að láta Listasafn Reykjavíkur vita.

Árshringurinn verður meðal listaverka á yfirlitssýningu á verkum Hildar Hákonardóttur sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum næstkomandi laugardag. [helgi@mbl.is](mailto:helgi@mbl.is)